Fjallið Glettingur



Glettingur og Glettinganes Ljósm.: Valþór Þorgeirsson.

Frumkvöðlar þeir, er að þessu tímariti standa, báðu mig að segja nokkur deili á fjallinu sem titill þess vísar til, hafa sjálfsagt talið mig gjörþekkja það úr fæðingar- og uppvaxtarsveit minni. Ekki er það þó rétt. Ég hef aldrei stigið fæti á þetta fjall, hvorki á koll þess né síður, en hins vegar séð það af sjó og einu sinni haft nesið austan að því undir fótum á fallegum sumardegi fyrir um 12 - 14 árum. Það er nefnilega meira en snertispölur að því frá æskuheimili mínu að Snotrunesi norðan Borgarfjarðar, þó ekki nema 10 km loftlína, en sú er ekki fær, heldur aðeins krókaleiðir mun lengri. Þó hefði ferð þangað ekki verið neitt stórfyrirtæki, en það tíðkaðist blátt áfram ekki á æskuárum mínum í Borgarfirði að fara í erindsleysu lengra til og allra síst upp á fjöll. Aðkomumenn áttu það þó til og voru kallaðir tindabikkjur í Borgarfirði.

Glettingur er svo sem ekkert háfjall, 553 m skv. korti, þ.e. um 100 m lægri en Fjarðarheiði, en þó er hann nýlega orðinn eitt frægasta fjall á Íslandi.

Glettingur er svo sem ekkert háfjall, 553 m skv. korti, þ.e. um 100 m lægri en Fjarðarheiði, en þó er hann nýlega orðinn eitt frægasta fjall á Íslandi, veðramótafjall milli "Austurlands að Glettingi" og Austfjarða og nefndur daglega í veðurfréttum útvarps, því að margra ára veðurrannsóknir hafa sýnt þar veðramót. Ég kannast vel við að t.d. í suðaustanátt á sumri gat verið bærilegur þurrkur í Borgarfirði þegar þoka lá yfir "suður á Víkum" og lak úr henni súldin. Eins gat verið þurrktötur í Víkum í norðanátt meðan rigndi um Borgarfjörð. Annars vill Borgarfjörður vera sjálfstæður í hópi Austfjarða, en ekki vík við Hérað, og ná því Austfirðir norður fyrir Gletting.

En nú er best að snúa sér að þessu fjalli þar sem það stendur hnarreist og víða hengibratt með Hvalvík að norðaustan, Glettinganes að austan, Kjólsvík að sunnan og Víðidalsskarð að suðvestan - og látast þekkja það. Það er upphlaðið úr blágrýtislögum, en þó kynnu að vera í því einhverjir líparítblettir. Á tveim stöðum hefur það hamraflug í stað hlíða, sinn hvorum megin við Glettinganesið, við Hvalvík að norðan og Kjólsvík að sunnan, og upp af nesinu sjálfu eru einnig klettabelti með rákum á milli þar sem bjargfuglar byggja sér hreiður einkum fýll. Það gera þeir líka í flugunum - mikið um garg að vorinu til.

Til Hvalvíkur liggur varla hestfær leið upp 300 m háa brekku af nesinu og upp á Hvalvíkurfláa. Klettalaus er leiðin og heitir efsti og brattasti hlutinn Gjá og er milli kletta. Þar er handstyrkingarvír á staurum að halda sér í áfrerum. Í auðu er að vísu fært með lausa hesta þessa leið og var hún nokkuð farin með útigönguhesta sem látnir voru ganga fyrir sér á nesinu fyrripart vetrar, því að þar er að jafnaði snjólétt.

Milli nessins og Kjólsvíkur eru hengiflug frá toppi til fjöru, ófært flug með öllu, en neðan undir þeim er fært um fjöru þegar lágsjávað er og brimlítið, en þó forvaði á einum stað og verður þar stundum að hlaupa á útsogum til að komast leiðar sinnar.

Menn hafa velt nafni fjallsins fyrir sér. Sigfús

Sigfússon skrifaði söguna af meytröllinu Glettu sem í fjallinu býr, "bestía mikil, meinvættur og mannæta," og jafnframt tilfærir hann þá skoðun að "fjallið dragi nafn af glettingum láðs- og lagarvætta". Víst er um það, að á þessum slóðum eru næsta tröllsleg fjalla- og skarðanöfn, svo sem Skælingur og Skúmhöttur auk Glettings, Kækju- og Mínuskörð, en hví skyldi glettingsnafn ekki eins geta átt rót sína að rekja til óblíðlegra atlota náttúrunnar sjálfrar? Þarf endilega að skáka forynjum milli manns og náttúru? Gletta Sigfúsar kynni að vísu að vera nálæg í vitund einhverra á þessum slóðum, en aldrei hef ég heyrt neitt um það.

Nesið austan undir fjallinu liggur þar berskjaldað fyrir galopnu hafi - og í þessu hafi er röst nokkur með stríðum straumi til hafs eftir sjávarföllum og harla krappar öldur í þessu straumbandi í vályndum veðrum. Frá þessu nesi og Glettinganesröst liggur ströndin til norðvesturs frá nesinu þeim megin, en suður á hinn veginn, skil Norðausturlands og Austurlands um nesið sem sjá má á korti. Breytir þar engu um þótt Dalatangi, Barðsnes og Gerpir teygist lengra austur í hafið en Glettinganes.

Lágt er nesið, sæmilega grasgefið, snjólétt og tvær bátalendingar eru þar góðar í vogum tveim nyrst og syðst. Þar hefur sjósi reynt að grafa sig í gegn eftir sprungu, en reynst torsótt. Landkostir eru snjóleysi á vetrum og góður útigangur eftir því sem landrými leyfir, fiskgengd upp undir harðaland og möguleikar á eggjatekju að vorlagi og fugli í pottinn. Tún var ekki stórt, rúmur hektari, og slægjur ekki meiri en svo að heyja þurfti uppi á Hvalvík. Þaðan var heyið ýmist borið á baki niður brekkuna háu og bröttu eða kastað böggunum fram af björgum niður í Hvalvíkurfjöru, þeir settir þar í bát og kjótlað örskamma leið yfir á nesið.

Byggð hefur verið stopul á Glettinganesi. Búið var þar 1681 og 1703 (manntal), segir Halldór Stefánsson í Austurlandi (IV, 181) en nesið þó sérstök jörð um aldir og er enn. Orsakir eyðitímabila eru vafalaust afskekkt lega og ógreiðfærar leiðir þangað. Frá 1841 - 1952 var þar nokkurn veginn samfelld byggð, eftir 1930 vegna vitans sem reistur var um það leyti. Fyrsti vitavörður Gunnlaugur Jóhannesson (1931-1944), en frá 1952 hefur vitans verið gætt frá Borgarfirði.

Sá sem endurreisti byggð þar 1841 eftir langt eyðitímabil, líklega langleiðina frá 1703, var Benóní Guðlaugsson úr Eiðaþinghá. Hann var holgóma og með kryppu á baki, en greindarlegur, vinsæll og frumlegur í hugsun. Hálfþjóðsagnakennd munnmæli herma að hann hafi smíðað róðrarkarla, reist vindmyllu og gert líkan af sláttuvél, en víst er um að hann smíðaði báta, aska og búsgögn öll að sjálfsögðu, einnig langspil sem hann lék á. Hann bjó um 10 ára skeið á Hvalvík áður en hann flutti niður á nesið þar sem hægara var um sjósókn. Börn átti hann sjö með tveim konum. Frá Magnúsi syni hans og fyrri konu, Ólöfu Magnúsdóttur, er þrautseigasta Víknaættin komin, en dóttir þeirra, Brandþrúður, giftist ekki né átti börn. Hún var gáfukona, vel hagmælt og fróð á þjóðlega vísu. Frá henni eru sögur hjá Sigfúsi og í þjóðsögum Jóns Árnasonar og um hana stuttur þáttur í bók Helga Valtýssonar "Þegar kóngsbænadagurinn týndist." - "Drottning örbirgðar og ævintýra" kallast það skrif. Margir aðrir hafa um þetta fólk skrifað, m.a. Sigfús Sigfússon.

Síðastur var á nesinu Kristberg Jónsson, sonarsonur Magnúsar Benóníssonar, vitavörður 1949 - 1952, og nú eru þar aðeins örfáar leifar byggðar, vitinn hár og reistur, íbúðarhús úr steini (nú björgunarskýli), vegarspotti milli vita og bæjar, ennfremur túnsvunta lítið eitt grænni en úthaginn enn og girðingarleifar, brotnir staurar og gaddavírsstrengir að hverfa í jörð. Ræfill af gangspili ofar fjöru til að draga báta á land.

Hún er ef til vill líka að hverfa í jörð vísan hennar Brandþrúðar gömlu ort víst langsaman dag fyrir meira en öld:

Ekkert fer nú far um sjá,
en fyrra daginn vóru
suður hér að sigla hjá
sævardýrin stóru.

Benóný Gunnlaugsson var holgóma og með kryppu á baki, en greindarlegur, vinsæll og frumlegur í hugsun. Hálfþjóðsagnakennd munnmæli herma að hann hafi smíðað róðrarkarla, reist vindmyllu og gert líkan af sláttuvél.